

Pórarinn Jónsson og Agnar Þórðarson semja verk til frumflutnings í útvarp

Afmælissjóður Ríkisútvarpsins er nú tekinn til starfa og hafa þeir Pórarinn Jónsson tónskáld og Agnar Þórðarson leikritaskáld hlotið fyrstu veitingu úr sjóðnum og munu semja tónverk og leikrit til flutnings í útvarpinu.

Vilhjálmur P. Gíslason útvarpsstjóri hefur skýrt þannig frá þessu:

Afmælissjóður Ríkisútvarpsins var stofnaður vegna aldarfjórðungsafræðis þess. Reglur sjóðsins voru staðfestar af menntamálaráðherra 11. desember 1956. Upphæð sjóðsins er einnar milljón króna framlag Ríkisútvarpsins.

Aðaltilgangur sjóðsins er sá að styrkja ýmsar rannsóknir og listræn störf í þágu útvarpsins og útvarpsdagskrárinnar. Einnig má veita úr sjóðnum verðlaun. Árlega má veita vexti sjóðsins, allt að 60 þúsund krónur, fræðimanni, skáldi eða tónskáldi til þess að vinna að erindaflokki eða flokkum, skáldverki, þýðingu eða tón-

verki, er síðan verði frumflutt í Ríkisútvarpinu.

Einnig má veita fé til þess að fá erlenda gesti til útvarpsins.

Útvarpsstjóri hefur á hendi stjórn og fjárreiður sjóðsins.

Fyrstu veitingarnar úr Afmælissjóðnum hafa nú verið ákveðnar. Listamenn þeir, sem tekið hafa boði útvarpsins eru þessir:

Pórarinn Jónsson tónskáld. Hann semur fyrir útvarpið nýtt tónverk er síðan verður frumflutt hér.

Agnar Þórðarson skáld semur fyrir útvarpið samfelldan flokk útvarpsleikrita, sem einnig verða frumflutt hér.

Með þessum tvennum veitingum úr Afmælissjóðnum

væntir útvarpið þess að hafa lagt grundvöll að góðu samstarfi við höfunda um sköpun sjálfstæðra, nýrra verka til útvarpsflutnings.

Þá hefur einnig verið ákveðið að veita nokkurt fé til erlendra heimsóknna í útvarpið.

Prófessor Arnold Toynbee hefur tekið boði Afmælissjóðsins um það að koma hingað og flytja erindi um sagnfræði.

Þá kemur hingað í boði Afmælissjóðsins söngvarinn Gerhard Hüsch og syngur á vegum útvarpsins.

Loks verða einnig veitt verðlaun úr Afmælissjóði fyrir sönglög við íslensk kvæði og verður bráðlega gerð nánari grein fyrir því sérstaklega.

Þá greiðir Afmælissjóður heiðurslaun fyrir flutning á nokkrum verkum Pálma heitins Hannessonar rektors. Til eru óprentaðar dagbækur hans og fleiri rit, þá.m. allmörg útvarpserindi, sem gefin verða út af Bókautgáfu menningar-sjóðs. Nokkuð af því efni verður einnig flutt hér.

ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 28. apríl 1957 — 22. árgangur — 95. tölublað



Liv Strömsted
leikar Nórú í
Brúðuheimilinu. Norsk
blöð hrósa
henni mjög
fyrir frammi-
stöðuna í
þessu hlut-
verki.

Riksteatret norska sýnir Brúðuheimilið hér í sumar 10—12 sýningar víðsvegar um land

Norska Riksteatret mun koma hingað í sumar og sýna Brúðuheimilið eftir H. Ibsen á 10—12 stöðum. Flokkurinn kemur til Reykjavíkur 3. júlí og mun sýna fyrst hér, en halda síðan til Akraness og þaðan norður og austur um land. Síðasta sýning verður sennilega á Seyðisfirði sunnudaginn 21. júlí. Haldið verður heimleiðis 24. júlí.

Leikhússtjórinn, Frits von der Lippe mun verða viðstaddur fyrstu sýningarnar, en halda síðan heimleiðis. Leikararnir sem koma eru:

Liv Strömsted, sem leikur aðalhlutverkið Noru, Lars Nordrum, sem leikur eiginmann hennar Helmer, Olafur Havrevold, sem leikur dr. Rank, Gerd Wiik, sem leikur frú Linde, Karl Ellert Wiik, sem leikur Krogstad, Helga Backe, sem leikur Anne-Marie, Eva Knoop, sem leikur stúlku á heimilinu, Svein Byhring, sem leikur send-

il. Þá koma og tveir menn, sem annast tæknilegan útbúnað og er Gerhard Knoop, leikstjórinn, annar þeirra. — Leiktjöld gerði Arne Walentin en Ragnhild Engebret sá um búninga.

Það var Alþingi, sem veitti B.F.L. styrk til þessarar leikheimsóknar og um leið tækifæri til að reyna að framkvæma hana. En úr framkvæmdum hefði ekki orðið ef Norðmenn hefðu ekki komið á móti með fjárframlag og bandalagsfélögin og bæjar og hreppsfélögin á væntanlegum sýningarstöðum hefðu ekki flest lofað þátttöku í kostnaði með því að bjóða gistingu og ókeypis afnot af samkomuhúsum. Það má því segja að ótal margir aðilar leggi hér hönd að verki. Enn vantar þó svör frá nokkrum bandalagsfélögum.

Riksteatret hefur fengið mikla lof fyrir þessa sýningu á Brúðuheimili Ibsens. Norskir gagnrýnendur hafa t.d. talað um Liv Strömsted sem „Noru okkar kynslóðar“ og „Noru okkar tíðar“. Olafur Havrevold er í fremstu röð norskra leikara og samir er að segja um Lars Nordrum, sem varð að afpakka tilboð um leik í kvikmynd til að geta komið hingað. Þessir þrír leikarar eru fastráðnir við Nationaltheatret, en leika þessi hlutverk sem gestir hjá Riksteatret. Karl Ellert Wiik er fastráðinn leikari við Riksteatret. Kona hans Gerd Wiik og frú Helge Backe eru viðurkenndir listamenn. Tvö minnstu hlutverkin eru einnig í höndum góðra leikara, en þau hlutverk gefa ekki mikil tækifæri, svo sem kunnugt er.

Tónleikar í Dómkirkjunni í kvöld

Fyrsta hljómléikahátíð íslenskra tónskálda var sett í Þjóðleikhúsinu síðdegis í gær af Gylfa P. Gíslasyni menntamálaráðherra. Á undan ræðu ráðherrans var blásið á forna lúðra og Karalakór Reykjavíkur söng, en að lokinni setningarathöfn hófust tónleikar þar sem leikin var kammertónlist.

Í kvöld kl. 9 hefjast tónleikar í Dómkirkjunni. Efnisskráin er þessi: Victor Urbanic leikur á orgel Tilbrigði við „Dýrð sé guði í hæstum hæðum“ eftir Björgvin Guðmundsson, Dómkirkjukórinn syngur undir stjórn Páls Ísólfssonar þrjú sálmalög til kirkjusöngs eftir Jón Leifs, sami kór syngur Framhald á 4. síðu.

Nýr sýningarsalur fyrir myndlist og listiðnað

Sýningarsalurinn heitir nýtt fyrirtæki, sem Sigríður Kristín Davíðsdóttir veitir forstöðu, og er til húsa á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis (Alþýðuhúsinu). Starfsemi sína hefur Sýningarsalurinn með samsýningu á listiðnaði og myndlist og verður opið fyrir boðsgesti frá kl. 4—7 í dag, síðan fyrir almenning.


Sýningarsalurinn skiptist í myndlistardeild (40 ferm.) og listiðnaðardeild (20 ferm.). Er ætlunin að hafa þarna samsýningar eða kynningarsýningar eftir samkomulagi við framkvæmdastjóra.

Í myndlistardeild eru málverk, höggmyndir og aðrar myndir; í listiðnaðardeild eru gull- og silfurmunir, leirmunir (keramik), smeltimunir, vefnaður og annar listiðnaður.

Sýnendur:
Höggmyndir: Sigurjón Ólafsson, Ásmundur Sveinsson.

Myndlistardeild: Ásgrímur Jónsson, Þorvaldur Skúlason, Kristín Jónsdóttir, Svavar Guðnason og Valtýr Pétursson.

Listiðnaðardeild: Ásgerður Ester Búadóttir, Jóhannes Jóhannesson, Barbara Árnason, Sigrún Jónsdóttir, Sigrún Gunnlaugsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Svisslendingurinn Didero, Valur Fannar, Ragnar Kjartansson, Funi (keramik). Einnig mun Halldór Hjálmarsson húsgagnaarkitekt sýna „Undrastólinn“, og bræðurnir Jón og Guðmundur Benediktssynir sýna nýttizkuleg húsgögn.



Sýnishorn af hinum nýju leirmunum Funa h.f.

Sýning á listkeramik opnuð í sýningarsal „Regnbogans“

Í dag opnar Funi h.f. sýningu á listkeramik í sýningarsal verzlunarinnar Regnboginn í Bankastræti.

Á sýningunni eru eingöngu handunnir listmunir, frummyndir (original), formaðir, renndir og útfærðir af Ragnari Kjartanssyni, en Haukur og

Björgvin Kirstóferssynir hafa annast brennslu.

Funi hóf framleiðslu á þessari gerð leirmuna á s.l. hausti, en þeir eru flestir unnir með svokallaðri Majolikaáðferð. Þessi vinnsluáðferð er tæknilega mjög vandasöm og hefur erfiðlegast gengið að ná hreinum litum og samræma glerjung og leir. Nú eftir margra ára tilraunir hefur loks tekizt að ná þeim árangri, sem sjá má á sýningunni í Regnboganum.

Ragnar Kjartansson lærði fyrst leikkerasmíði hjá Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og teikningu hjá Kurt Zier í Handíðaskólanum. Hann var við nám í höggmyndalist um fjögurra ára skeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík og var Ásmundur Sveinsson myndhöggvari kennari hans. Einnig hefur Ragnar lært leikkerasmíði í Svíþjóð.

Sýning Funa í Regnboganum verður opin kl. 1—10 síðdegis í dag og síðan næstu tvær vikurnar. Allir sýningarmunirnir eru til sölu frá og með morgundeginum. Aðgangur er ókeypis.



Þjóðviljinn vantar röskuunglinga til blaðburðar í:

Mávahlíð
Laugarnes
og Kvisthaga

Þjóðviljinn
sími 7500.